

Fundargerð 545

Fimmtudaginn 16. janúar 2025 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Óli Halldórsson (ÓH) formaður, Guðný Hildur Magnúsdóttir (GHM), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Oddný Árnadóttir (OÁ). Haraldur Benediktsson (HB) boðaði forföll.

Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Eliasson (AME) forstjóri, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hanna Dóra Björnsdóttir (HDB) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 4), Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Magnús Freyr Sigurkarlsson (MFS) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 6), Pétur Friðjónsson (PF) sérfræðingur á fyrirtækjasviði, Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárliði 3 og 4), Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Skýrsla regluvarðar og erindisbréf - til afgreiðslu
2. Lánamál
 - a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
 - b. Máli vísað til stjórnar af lánanefnd - til afgreiðslu
3. Aflamark Byggðastofnunar í Grímsey - til afgreiðslu
4. Erlend samstarfsverkefni Byggðastofnunar - til kynningar
 - a. NPA
 - b. NORA
5. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
6. Áhrif loftlagsbreytinga og sveitarfélög - til kynningar
7. Önnur mál
8. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Skýrsla regluvarðar og erindisbréf - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur skýrsla regluvarðar Byggðastofnunar vegna ársins 2024 og endurnýjað erindisbréf regluvarðar sem HÁ kynnti.

Lagt er til í samræmi við 4. gr. laga nr. 60/2021 að stjórn Byggðastofnunar staðfesti ráðningu Hjalta Árnasonar sem regluvarðar og Guðbjargar Sigurbjörnsdóttur sem staðgengil hans til eins árs.

Til máls tók GHM og OÁ.

Formaður bar upp ofangreint erindisbréf til samþykktar og var það samþykkt samhljóða.

2. Lánamál

- a. Fundargerðir lánanefndar til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 46/24 - 1/25 sem HP reifaði

Enginn tók til máls.

b. Máli vísað til stjórnar af lánanefnd - til kynningar

...

3. Aflamark Byggðastofnunar í Grímsey - til afgreiðslu

PF, RR og SÁ komu á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggja eftirfarandi gögn:

- minnisblað sérfræðinga Byggðastofnunar til aflamarksnefndar um tillögur um úthlutun á Aflamarki Byggðastofnunar í Grímsey
- fundargerð aflamarksnefndar nr. 40, 2. janúar 2025,
- bréf með ósk um umsögn á tillögu aflamarksnefndar á úthlutun á Aflamarki Byggðastofnunar í Grímsey,
- umsögn Akureyrarbæjar
- athugasemdir Sæbjargar EA184 ehf. og svör við þeim

RR upplýsti um fyrirkomulag við ákvörðun á Aflamarki Byggðastofnunar í Grímsey. AME upplýsti að í tengslum við athugasemdir sem hafa borist verði lagt til við stjórn að fresta úthlutun Aflamarks Byggðastofnunar í Grímsey.

Til máls tóku ÓH, GHM, HKH, OÁ, KB og HÁ.

Formaður lagði til að úthlutun aflamarks Byggðastofnunar í Grímsey verði frestað fram að næsta fundi og var það samþykkt samhljóða.

PF og SÁ viku af fundi.

4. Erlend samstarfsverkefni Byggðastofnunar - til kynningar

a. NPA

RR kynnti starfsemi NPA.

Til máls tók GHM.

RR vék af fundi.

Formaður gerði hlé á fundi milli kl. 10:00 og 10:07.

b. NORA

HDB kom á fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti starfsemi NORA.

Til máls tók GHM.

HDB vék af fundi.

5. Framfylgd starfsáætlunar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og staða rekstrar 31. desember 2024 sem SEP kynnti. HP kynnti stöðuna á uppbyggingu á atvinnuhúsnaði í Dalabyggð.

Til máls tóku GHM, KB og ÓH.

6. Áhrif loftslagsbreytinga og sveitarfélög - til kynningar

MFS tengdist fundinum undir þessum dagskrárlið og kynnti verkefni um áhrif loftslagsbreytinga og sveitarfélög.

Engin tók til máls.

MFS vék af fundi.

OÁ vék af fundi.

7. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

8. Næsti fundur

Næsti fundur er 20. febrúar nk. og er fjarfundur.

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:21.

Magnús Helgason, fundarritari

Óli Halldórsson

Guðný Hildur Magnúsdóttir

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Oddný Árnadóttir